

Guðrún Ögmundsdóttir
(f. 1950 – d. 2019)

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

DVCAM 254, 266

© Krumma films ehf.

Hrafnhildur: Nú erum við komin á ákveðinn stað. Geturðu byrjað á því að segja okkur hvar við erum í tíma og eftir hverju við erum að bíða og hvað er búið að ganga á?

Nú við erum eiginlega, núna erum við stödd þar að við erum bara að bíða eftir að málið komi í þingið eða það er að segja, það er komið út úr nefnd og bíður í þinginu. Og það er búið að bíða núna í biðröð, það fer út úr allsherjarnefnd í apríl, byrjun apríl og það var gríðarleg vinna og það má kannski segja að maður hafi verið hluti af einhverju innra eftirliti með málinu. Og alltaf í rauninni á vaktinni og aðalatriðið var að koma umsögnum heilbrigðisnefndar inn í allsherjarnefnd, passa að sú umsögn væri í lagi að þar væru ekki neinir fingurbrjótar gegn einhverjum, svona duldir fordómar eða einhverjar duldar breytingar sem við vildum ná fram sem kannski gerðu það að verkum að málið myndi eitthvað breytast. Og við sjáum náttúrulega alla vinnuna á bak við tæknifrjóvgun. Við lögðumst í mjög mikla vinnu á breytingu á lögnum. Frumvarpið var auðvitað mjög gott en við sáum líka að hverju við þurftum að breyta. Það var ákveðin hugtök sem við vorum náttúrulega mjög vöguð að byrja að nota eins og yfirhugtak um foreldri eða foreldra yfir báðar mæður barna sem getin eru með tæknifrjóvgun. Það kom í ljós að var mjög erfitt að nota því foreldri er yfirhugtak og það á við um fósturforeldra, stjúpforeldra, kjörforeldra, venjulega foreldra innan gæsalappa og svo framvegis. Þannig að við fundum fyrir rest mjög fína lendingu í því og við unnum að því formaður nefndarinnar, Bjarni Ben og ég ásamt tveimur lögfræðingum, að við ákváðum í rauninni að við fæðingu barns þá yrði hin móðirin kjörmóðir. Þá yrði það bara automatískt um leið og þar með færi í burtu þetta ferli um ættleiðinguna sem núna er fyrir þær konur sem koma erlendis frá. Það var afar farsæl lending. Og vegna þess að þú getur heldur ekki og maður má ekki hafa lög þannig að það verndi ekki persónurétt barnsins. Og allsherjarnefnd og okkur í nefndinni ber að huga að rétti barnsins, að hann sé skýr og hann sé verndaður. Að það sé ekki bara í einhverjum gögnum Hagstofunnar þar sem komi bara í ljós að barnið sé getið með tæknifrjóvgun. Þannig að þá verður bara kjörmóðirin, þessi fína lending í því, til þess að vernda það. Nú einhvern tímann heyrði ég þá tillögu að það ætti að tala um að viðkomandi mamma væri tæknimóðir og þá er einmitt mjög hollt að horfa til baka og horfa á öll þau börn sem eru getin með tæknifrjóvgun, með gjafasæði á Íslandi og búið að vera í fjölda ára, tólf, fjórtán ár, sextán ár og hvað skyldu það nú vera mörg börn og myndu feður setta sig við það að það stæði tæknifaðir? Aldrei. Þannig að því var

auðvitað hent út af borðinu um leið. En mér finnst náttúrulega svo makalaust að láta sér detta þetta í hug að einhver sé tæknimóðir því auðvitað er hún það ekki því að það er ekki verið að nota neitt frá viðkomandi aðila þannig að það passar auðvitað heldur ekki. En þannig að það var farið í gegnum alla þessa þætti og þær breytingatillögur sem við leggjum til eru mjög góðar og í rauninni bara styrkja stöðu mæðra og styrkja stöðu barna og það er það sem skiptir mjög miklu máli.

Nei þetta á bara við af því þú ert með tvo af sama kyni þannig ef þetta væru tveir karlmenn eins og ef þeir ættleiddu eitthvað að þá væri það þannig en þetta var til þess að skauta framhjá því þannig að það kæmi ekki upp í skráningu að barnið væri getið með tæknifrjóvgun. Því að það er eitt sem að einkennir þennan hóp að mér finnst oft gleymast að þessi börn eru miklu betur stödd heldur en önnur börn sem eru getin með tæknifrjóvgun, með gjafasæði. Þetta er ekki tabú þar, það er algerlega vitað hvernig þau eru búin til. Það er mjög oft sem að sæðisgjafi er þekktur sem er ekki í hinum tilfellunum, hjá gagnkynhneigðum og kannski er miklu meiri meðvitund og miklu meiri réttarmeðvitund um hagsmuni barnsins þarna en oft hefur verið áður. Nú við höfum heldur ekki þetta hérna hér að börn fái að vita hver er sæðisgjafinn. Það kemur auðvitað að þeim tíma en það er ekki ástæða til þess að gera breytingar á því núna. Það þarf miklu lengri umræðu, miklu lengri faglega umræðu hjá sifjalaganefnd en við tölum jafnframt um það í nefndarálitinu að þetta sé umræða sem koma skal. Þannig að börn geti vitað hver sæðisgjafi sé við átján ára aldur án þess að hann þurfi nokkuð að bera ábyrgð á því barni eða greiða með því. Svíar eru með þetta og bretar eru að koma með þetta líka. En þetta var þessi lending af því að þetta er í rauninni flókin staða. Þetta er ný staða, þetta er ný hugsun og Danir eru sennilega að fara svipaða leið og við þannig að við erum kannski sporgöngumenn þarna með því að tryggja líka öll lagaleg réttindi barnanna og þetta fjölskylduform eins og öll önnur. Og það má vel vera að það komi síðan síðar meir að tæknifrjóvgun hjá gagnkynhneigðum að faðir verði kjörfaðir en ég á nú ekki eftir að sjá það gerast. Það er bara spurning hvenær við náum það langt að það verði bara móðir og móðir en á meðan við erum með svona flóknar skráningar og annað sem að þurfa auðvitað að vera líka í fæðingarskýrslum og feðrun barna og svona að þá er þetta lendingin og mér finnst hún í rauninni mjög farsæl. Því í rauninni það sem skiptir meginmáli eru hinir félagslegu foreldrar. Það eru hinir félagslegu foreldrar sem skipta meginmáli fyrir hvert einasta barn og þannig að við höfum í rauninni alltaf

á Íslandi haft hér öðruvísi fjölskyldumunstur en margir aðrir. Bæði að það eru konur hér yfirleitt búnar að eiga börn fyrir hjónaband þannig að þeim fylgja önnur börn inn í sambönd að því leyti og það er kannski ástæða fyrir meiri víðsýni í þessum málum hér en víðast hvar annars staðar, að börn eru ekki tabú hér sko og á því græðum við svolítið. Að það eru ekki fordómar þarna vil ég meina, og við sjáum það bara að þetta hefur ekki verið flókið hvorki í leikskólum né skólum þar sem eru tvær mæður með börn. Og hérna að þetta er mjög mikill sigur og í rauninni skilur maður auðvitað mjög vel að þetta er auðvitað ný hugsun fyrir marga. Og kannski þó það hafi ekkert verið flókið fyrir mér, þá átta ég mig á því að þetta er mjög erfitt fyrir marga, þetta er mjög stórt skref fyrir marga að átta sig á og viðurkenna og styðja. En fólk hefur hlýtt á þau rök og segir bara: Já við verðum að jafna þessa stöðu og jafna stöðu þessara barna. Því að þetta er raunveruleikinn og spurning um að setja lög um þennan raunveruleika. Gefa konum tækifæri til að fara í tæknifrjógungun hérna heima í stað þess að fara í hann erlendis og komast hjá erfiðum kerfismálum því tengdu. Nú síðan hefur líka skipt mjög miklu máli að báðir aðilar hafi fæðingarorlof og svo framvegis. Þannig að þetta er í rauninni hin stóra breyting sem er í þessu frumvarpi. Stóru breytingarnar eru líka það að það er verið að jafna algerlega stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra gagnvart öllum lögum hvort sem það er lífeyrissjóður, dánarbætur, þið vitið allt þetta, að geta skráð sig í sambúð sem samkynhneigðir hafa aldrei getað gert áður og þeir hafa þá þetta val hvort sem þeir nýta sér það eða ekki. Og mér hefur alltaf fundist svo skrítið sko af hverju við horfum á einhverja kynhneigð í þessu sambandi. Ég hef aldrei skilið það og ætla ekkert endilega að reyna að skilja það, mér finnst engin ástæða til þess en aðalatriðið er að það eru allir sammála um það að við jöfnum stöðu einstaklinga í þessu landi og að mannréttindi séu þau sömu fyrir mig og fyrir aðra. Og það er náttúrulega gríðarlega stórt skref. En þetta er samt búið að vera þannig að maður hefur til dæmis ekki misst af fundi, því bæði er þetta búið að taka langan tíma, það er búið að vera mikið af gestum og alltaf verið að fara yfir frumvarpið og alltaf, við erum stöðugt að ýta á það til að byrja með til þess að koma því út úr nefndinni, það tókst, og núna er vaktin staðin út á það að fá málið á dagskrá. Það tókst ekki núna í vor en ég vona núna að með þessu sumarþingi að þá fari þetta mál ásamt öðrum málum fremst í röðina og þau séu kláruð. Þetta eru mál sem að allir eru sammála um og mér finnst það mjög erfitt ef það gerist ekki og þá ef að það gerist ekki, þá er aðeins ein hindrun í því og það er sjálfur forsætisráðherrann sem að ég hefði haldið að hefði allt að vinna með því að hafa þetta

mál fremst. Því að flokkurinn hans hefur þó staðið sig með mikilli þrýði í þessu máli og þetta væri fjöður í hans hatt líka. Þannig að ég held að flokksnum mundi ekkert veita af því að fá sér þessa fjöður. Og ég vona svo sannarlega að þeir sjái að sér með það og ríkisstjórnin og setji þetta mál í forgang. Þetta mál á auðvitað mjög góða stuðningsmenn innan ríkisstjórnarinnar og þar ber kannski fyrst að nefna fyrrverandi félagsmálaráðherra sem er að vísu farinn, Árna, Siv, Þorgerði Katrínu svo einhver nöfn séu nefnd. Þetta eru einlægir og styrkir stuðningsmenn þessa máls og hafa hvergi látið bilbug á sér finna og Jón Kristjánsson líka, Björn Bjarnason. Þannig að ég veit að það er góður stuðningur í ríkisstjórninni þannig að núna hefur verið mitt hlutverk að ræða við fólk, ræða við þá sem ráða, sem að völdin hafa, ræða við formenn þingflokka, ræða við sjálfstæðismenn sem hafa áhrif, ræða við framsóknarmenn með áhrif þannig að ég er búin að vera í lobbyisma í dagóðan tíma og það fylgir því mjög skemmtilegt álag en sko maður fer ekki í neina hvíldarstöðu fyrr en maður veit að málið er komið á dagskrá. Það má semja um það meira að segja að það verði ekkert löng umræða, heldur hún sé bara skynsöm og það sé bara einn frá hverjum flokki vegna þess að þetta er í rauninni bara frumvarp til þess að fagna. Alveg eins og gerðist í fyrstu umræðu um málið. Og þar töluðu bara allir stutt og fögnuðu. Mikil fín, fagleg vinna í nefndinni og núna eigum við bara aftur að fagna. Þannig að ég vil bara meina að við eigum að semja um stutta, flotta umræðu og að málið klárast. Og það sem að er líka í þessu er að gildistími laganna, hann á að vera á alþjóðadegi homma og lesbía. Sama gerðist með staðfesta samvist á sínum tíma og það er vegna þess að ákveðin kerfi þurfa að vinna, þau þurfa að gera eyðublöð, fæðingardeildin, hagstofan og svo framvegis. Þannig að þá verði kerfið líka algerlega tilbúið þegar konur koma í biðröðum og ætla að fara að fara í tæknifrjóvgun. Ég hef meira að segja verið að ráðleggja, ég fæ auðvitað mjög mikið af tölvupósti og frá konum um það hvað þær eiga að gera núna í þessari stöðu. Nú ég segi þeim bara að byrja í prósessnum. Fara í blóðprufurnar og allt sem þarf að gera þannig að þær séu tilbúnar í biðröðinni um leið og lögin eru samþykkt. Þannig að ég veit að Art Medica sem er með þessi mál, ég veit að þeir eru eflaust með margar sem eru bara tilbúnar, þannig að búnar að fara í gegnum ferlið sem þarf. Rannsóknir og annað og þannig að það verður dálítið spennandi að sjá hvað þetta verður mikill fjöldi, við vitum það svo sem ekkert. En með allri þessari tryggingu á nýrri réttarstöðu á svo marga vegu þá held ég að það verði kannski líka meira um það að samkynhneigðir staðfesti sína samvist lögformlega sem að ég held að, sem að er auðvitað alltaf val hjá öllum en ég held að

margir hafi sleppt því meðan þessir hlutir eru ekki á hreinu þanning að kannski fara konur að gifta sig núna í strípum og er það afar mikilvægt og eins kannski strákarnir líka ef þeir vilja taka kjörbörn sem er náttúrulega ofboðslega falleg leið til þess að eignast börn. Og ég veit það til dæmis að með þessu ákvæði núna um að þú getir ættleitt erlendis frá það er gríðarlega mikilvægt að við höfum lögin þannig að þarna séu allir jafnir. Það eru ákveðin lönd sem heimila þetta. Það þarf bara að láta á það reyna og núna ríður dálítið á að kannski Ísland og Svíþjóð séu í ákveðnu samstarfi því þetta er hliðstætt sænskum lögum. Þannig að það er spurning um að finna ákveðin lönd sem að vilja að foreldrar séu samkynhneigðir. Gagnvart þeirra börnum sem fara úr landi til ættleiðingar. Nú það hefur verið talað um Suður-Ameríku og það er dálítið merkilegt að í kaþólskum löndum, þau eru ekki mjög stíf á þessu og hafa heldur ekki verið stíf á því að konur sem eru einar ættleiði börn eða menn sem eru einir ættleiði börn, þannig að heimurinn er sko að opnast og skilningurinn að aukast og að hagsmunir barna yrði mjög vel borgið að búa hér. Og svo maður tali nú um öfgarnar þá var erfitt finnst mér að hlusta á til dæmis Gunnar í Krossinum, að honum finnist börnum betur borgið á munaðarleysingjahælum sveltandi heldur en í fangi tveggja kvenna. Og þá segi ég að það þurfi einhver að fara í endurhæfingu en við kannski endurhæfum ekki þessi sjónarmið, þau kannski verða að vera og þau hafa kannski verið holl af því að það er akkúrat þetta sem fólk tekur afstöðu gegn og þar af leiðandi afstöðu með. Þannig að að því leyti hefur þetta kannski hjálpað.

Ég held það og ég held það hafi hjálpað líka að taka upp umræðuna um kirkjuna og um giftingar eða staðfesta samvist í kirkjum landsins. Það leiddi til umræðu um það hvort að það ætti ekki að taka þann kaleik frá kirkjunni að vera með löggjörning sem heitir gifting eins og er víðast hvar í Evrópu. Það er að segja þar sem er aðskilnaður ríkis og kirkju. Þar þurfa allir að fara til fógeta eða borgarstjóra og gifta sig og síðan fá sína blessun í kirkjunni og halda sína hátíð. Auðvitað vill kirkjan það ekki þannig að hún skildi það að í þessum samræðum að hún varð að vinna sína vinnu. Og þetta hefur þó skilað sér í því að kirkjan er komin lengra en við héldum og líka lengra en hún hefur ætlað sér. Kannski er hún að taka stærri skref og meiri umræður heldur en hún hefur ætlað sér endilega í upphafi samkvæmt umræðum og samræðum biskups og áliti hans á þessum hópi fólks.

Hrafnhildur: Kom þér það á óvart hvernig hann talaði í nefndinni?

Það kom mér gríðarlega á óvart og ég hérna, þá vissi ég líka að, það bara kom mér á óvart hvað hann var í rauninni afturhaldssamur. Og hvað hann hafði lítinn mannskilning gagnvart stöðu þessa hóps í samfélaginu og þessa fjölskylduforms því mér finnst eins og það gleymist oft að það er fullt af börnum í þessum fjölskylduformum. Nú og mér finnst þetta líka andstætt þessum lögmálum um að kirkjan eigi að vera fyrir alla og við séum öll jöfn gagnvart guði og svo framvegis. Og mér finnst það sérkennilegur fókus þetta með kynlífið, ég fer aldrei ofan af því, að það sé eitthvað sem stýri einhverri umræðu. Hvað veit fólk hvað er að gerast hérna í einhverjum herbergjum í Breiðholtinu? Það er enginn að velta því fyrir sér heldur og það á þá ekki að vera heldur með þennan hóp. Og mér finnst líka afleitt að við séum með þannig fingurbrjóta í lögunum að aðrir kristnir hópar geti í rauninni ekki framkvæmt þessa athöfn. Mér finnst það afar sérkennilegt. Og út á það var breytingatillaga mín að til dæmis eins og Fríkirkjan myndi fá þetta frelsi og síðan er það hennar að nýta það eða ekki. Þetta er alveg eins og að geta skráð sig í sambúð síðan er þeirra hvort þeir vilja nýta sér það eða ekki. Og þannig að lögin eiga ekki að banna kirkjunni að staðfesta samvist. Annað hvort er löggjörningur þarna og þá á það að vera öll form sem til eru eða ekki.

Hrafnhildur: Hvernig er þessi lending með þetta? Hvar stöndum við með það?

Nú ég gerði bara þá málamiðlun vegna þess að það kemur auðvitað í ljós að forsetisráðherra vill alls ekki fá umræðu um kirkjuna inn í þessa umræðu. Hann vill bara hafa þennan stóra réttarpakka á borðinu. Ég áttaði mig ekki alveg á því að þetta var svona mikil alvara. Það var auðvitað búið að ræða við mig og segja að það sé bara þannig að málið fái ekki að fara út úr nefnd fyrr en þegar því sé sleppt. Bara málið verður fest inni í nefndinni og komi aldrei þaðan út ef að þessi umræða á að verða í þinginu. Og hver segir svo að biskup hafi ekki áhrif á Alþingi Íslendinga? Og nú það var ekki margt í stöðunni því ég verð auðvitað að forgangsraða, hvað er mikilvægast í þessu máli og það er auðvitað þessi stóri bandormur og þessi stóri réttarpakki þannig að upphófust miklar samningaviðræður og ekki miklar því þær voru allar á mjög vel stýrðu og góðu plani og ég er náttúrulega skynsöm, skynsamur pólitíkus þannig að lendingin, hún varð sú að ég dró breytingatillöguna til baka, það er að segja, hún er ekki

flutt við langa frumvarpið heldur geri ég það að sér frumvarpi þannig að það fari bara í númeraröð þingsins og þar af leiðandi kemur það náttúrulega ekki til umræðu samhliða þessu en þá allavega næsta haust gætum við jafnvel séð þessa breytingu og þá er það kannski bara kirkjan sé búin að biðja um hana. En í rauninni held ég að forsetisráðherra hafi verið að ganga erinda kirkjunnar um að kirkjan fengi frið til 2007 eins og biskup talaði mjög oft um. Nú þá segir skynsemin mér þá bara semjum við um það þannig. Og ég lít ekki á það sem neinn ósigur. Það má bara ekki hugsa um það þannig. En tillagan mín má þó koma fram og vonandi komast þá inn í nefnd og við sjáum þá þessa breytingu þannig að aðrir söfnuðir þó að þjóðkirkjan verði ekki tilbúin þannig að aðrir söfnuðir muni geta gert það. Það sem að ég held að líka að forsætisráðherrann og ríkisstjórnin hafi óttast og það var að það var meirihluti fyrir mínu máli. Og þeir vildu ekki stilla fólki upp fyrir því að segja nei við henni heldur. Þannig að við horfum á þetta líka jákvætt. Vegna þess að þá yrði að lúta flokksaga eða í samræmi við einhverjar samþykktir þeirra á meðal að við vildum ganga svona langt núna og geyma þetta að því ég veit að það er meirihluti fyrir því að og, þetta er náttúrulega svo sjálfsagt mál að söfnuðir geti staðfest samvist að þeir fái þennan löggjörning fyrir þennan hóp eins og annan.

Síðan gerist það í öllu þessu ferli og miklum símalínum og miklum samræðum að einn ágætur þingmaður, Sigurjón Þórðarson ákveður að koma með breytingatillögu við þetta stóra frumvarp. Og kemur í rauninni með mína tillögu. Og hún skapaði auðvitað alveg sama titring. Og aðal vinnan var að fá Sigurjón til þess að draga þessa tillögu til baka. Það var auðvitað númer eitt, tvö og þrjú. Og líka það að hann skildi í rauninni alvöru málsins um það að ef þessi tillaga kæmi fram þá bara færi málið ekkert á dagskrá. Málið væri ekki flóknara en svo. Og það voru miklar símalínur og skellt á og það var maður og annar sem reyndi að ræða við Sigurjón um þetta mál og svo loksins held ég að hann hafi skilið alvöru málsins því það er erfitt fyrir lítinn flokk að sitja uppi með þann kaleik að hafa eyðilaggt þetta stóra mál. Og það vill náttúrulega ekki nokkur maður, ekki nokkur flokkur sitja uppi með. Þannig að Sigurjón sá að sér og við þökkum honum fyrir það og ég bauð honum að vera á minni tillögu og við sjáum hvað setur með það og því að það sem er aðalmálið er bara að þetta klárast og við geymum hina umræðuna. Hún er bara sett aðeins í salt en það vita allir að það væri meirihluti fyrir henni en það var ákveðið að láta ekki á það reyna núna. Svona ganga nú samningarnir fyrir sig á eyrinni

en það líka mikilvægt að kunna að semja. Og kunna að sveigja á réttum stöðum málsins vegna því þetta mál hefur aldrei snúist um mig og á ekki að gera það og mun aldrei gera það. Heldur um þennan stóra réttarpakka. Og þá segjum við: Kemur þetta, þetta er það eina sem stendur út af og þá bara gerum við það á næsta þingi. Og ég er alveg klár á því að það er meirihluti fyrir því líka. Þannig að þá mun ég flytja það aftur og hafa það þverpólitískt.

En þá mun í rauninni bara einhver lögfræðingur standa þar frá fógeta. Það er líka hægt.

Hrafnhildur: Hann verður að vera við hliðina á...

... prestinum. En vitiði það, mér finnst þetta dálítið smart. Nei en málið er það að það er búið að vera fullt af hindrunum sem að auðvitað hafa ekkert verið að fara í fjölmiðlana. Það bara segir sig sjálft. Og eins og þeir vita sem eru inni í málinu, sko það er búið að taka svo margar dýfur og svo margan taugatitringinn að ég held að fólk sko bara trúi því ekki hvað þetta er mikil vinna í rauninni, að vera með þetta eftirlit um að allir hlutir séu í lagi og halda öllum þráðum í hendinni og allir séu á sínum stað og enginn sé að segja neitt til þess að trufla málið. Og ég meina ég fékk alveg skýr skilaboð um það hvernig þetta yrði og það var það að málið yrði bara stoppað ef að maður væri ekki þá plads. Nú síðan verður maður bara að velja og hafna svolítið því að ég held að það hafi ekki uppá sig, ég held að pólitískt hefði ekki borgað sig að setja málið í þannig uppnám. Já það er ekki nema eitthvað gerist núna í sumar sem er þá óhjákvæmilegt að það þurfi þá að flytja allt málið aftur. Þá held ég bara líka að þessi ríkisstjórn sé sprungin ég held að það sé voða lítið flókið. Og þá mun bara einn flokkur tapa á því. Þannig að það er mjög einfalt. Og þá yrði þá bara málið flutt í heild sinni með þeim breytingum og þá yrði það bara fyrsta mál næsta þings eða við sjáum til. Ég nefnilega held að ríkisstjórnin sé að springa.

Hrafnhildur: Það er búið að vera mikill titringur.

En ég bara er klár á því að það verða kosningar í haust. Ég er búin að vera með þessa tilfinningu alveg núna dálítinn... Og ef að þetta mál verður óklárað þá, þá mun Framsókn ekki fá mann. Nei, því að eitt er nefnilega sko og það er það sem fólk er að

átta sig á, þingmenn, að þetta mál er með þvílíkt breiða samstöðu í þessu samfélagi. Sko það er samfélagið sem er að kalla á þetta. Það er sko 90% stuðningur þjóðarinnar við þessi réttarmál... Sem segir bara að auðvitað snerta þessi mál meira eða minna hverja einustu fjölskyldu í þessu landi. Hverja einustu fjölskyldu. Og það er það sem er svo flott.